

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Vigdísí Hauksdóttur um embættismenn.

1. *Hver er heildarfjöldi embættismanna sem starfa hjá ráðuneytinu og stofnunum þess?*

Heildarfjöldi embættismanna sem starfa hjá ráðuneytinu og stofnunum þess er nítján, þar af starfa fimm hjá ráðuneytinu og fjórtán hjá stofnunum þess.

2. *Skipan hve margra þeirra rennur út á þessu ári og skipan hve margra á ári hverju 2017–2020?*

Skipunartími þriggja embættismanna rennur út á árinu 2016. Ein skipan rennur út á árinu 2017, fimm á árinu 2018, sex á árinu 2019, tvær á árinu 2020 og ein á árinu 2021.

Einn embættismaður er ráðinn af stjórn viðkomandi stofnunar og er ekki með skilgreindan sérstakan skipunartíma.

3. *Hve margir embættismenn eru á þessu ári 60–64 ára, 65–66 ára og 67–69 ára og hve margir verða 70 ára á næsta ári?*

Á þessu ári er aldursdreifing embættismanna eftirfarandi: Þrjú embættismenn eru á aldrinum 60–64 ára, tveir embættismenn eru á aldrinum 65–66 ára og tveir embættismenn eru á aldrinum 67–69 ára. Enginn embættismaður verður 70 ára á næsta ári.

4. *Hve margir embættismenn starfa sem skrifstofustjórar innan ráðuneytisins án mannaforráða?*

Enginn embættismaður starfar sem skrifstofustjóri innan ráðuneytisins án mannaforráða.